

SKOÐUN

Skuggi karla



Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Á kveðnar visbendingar eru um að hlandskálin fræga – The Urinal Fountain – sem bylt myndlistinni og kennd hefur verið við hinn fransk-bandaríska Marcel Duchamp, sé alls ekki hans hugmynd. Góð vinkona listamannsins, Baroness Elsa von Freytag-Loringhoven, eigi verkið með húð og hári. Þau hafi sameinast um að kynna það í nafni Duchamps, því vonlaust hafi verið á þeim tíma, fyrir rétt rúmri öld, að listakona fengi áheyrn fyrir boðskapinn.

Hlandskálin samræmdist hugmyndafræði Duchamps og skyldleiki hennar við verk sem hann hafði sýnt um skeið, gerð úr hversdaglegum hlutum – fundnum hlutum, ready made, eins og sagt er á ensku – fór ekkert milli mála. Hlandskálin var þúfan sem velti hlassinu, óháð því hvort karl eignaði sér verk konu. Hlandskálin gerði Duchamp að byltingarmanni í myndlist. Áhrifa hans gætir enn þá hjá ungu, framúrskarandi myndlistarfólki um allan heim.

Hvort sem þessar kenningar eru sannar, hálsfannar eða lognar varpa þær ljósi á þekktan veruleika. Listakonur hafa verið í skugga starfsbræðra sinna, óháð listrænu erindi. Í öllum listgreinum er fjöldi dæma um að efast sé um verk kvenna. Við erum ekki saklaus. Skilaboðin til Heklu, rithöfundarins í frábærri sögu Auðar Övu Ólafsdóttur, Ungfrú Ísland, sem upplifði sem hversdagslegan sannleik, eru: skáld eru karlkyns.

Eyborg Guðmundsdóttir myndlistarkona lést rúmlega fimmtug árið 1977. Sýning á verkum hennar Hringur, ferhyrningur og lína á Kjarvalsstöðum fyrir fáeinum misserum, var opinberun fyrir marga unndur myndlistar. Heyra mátti gesti á opnun spyrja hvern annan: Af hverju veit ég svona lítið um þessa konu? Svarið blasir við: Henni hefur ekki verið hampað eins og kollegum af karlkyni.

Nú stendur yfir samsýning átta listakvenna í Galleríi i8 við Tryggvagötu. Arna Óttarsdóttir er yngst, en 99 ár eru á milli hennar og þeirrar elstu, Júlíönu heitinnar Sveinsdóttur. Verk Eyborgar, sem sjaldan hafa sést eru á sýningunni og textílmýndir eftir Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá, konu sem ekki er áberandi miðað við það sem hún hefur fram að færa.

Karin Sander, höfundur pálmanna umdeildu sem eiga að rísa í Vogabyggð, á mottu úr gervigrasi á gall-erisgólfinu, skírskotun í fótoltavöll. Einnig eru verk eftir: Rögnu Róbertsdóttur, Margræti H. Blöndal og Ásgerði Búadóttur.

Galleríið er ekki að blanda sér í kynjapólitík. En verkin standa fyrir sínu, eiga samleið hvert með öðru og tala til okkar, óháð kyni þeirra sem sýna. Mesta undrunarefnið er hvað lítið fer fyrir dýrgripum Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá í listalífínu.

Annað framsækið gallerí, Berg Contemporary við Klapparstig, sýnir þrjár listakonur, Huldu Stefánsdóttur, Sigríð Sandström og Marie Söndergaard Lolk, sem allar eru málara.

Vonandi eru þessar sýningar tákni um að listalífíð sé hætt að fela konur.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Eitur og frekjur

Eru það mannréttindi að þurfa ekki að sitja fastur í umferðartoppum? Samkvæmt nýstárlegri túlkun varaborgarfulltrúa Flokks fólksins á stjórn-skipunarlögm er svarið já. Ásgerður Jóna Flosadóttir fullyrti á fundi skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur að flokkur hennar teldi meirihlutann í borgarstjórn teifa viljandi fyrir umferð „til að styðja þeirra hugmynd um að miðbærinn eigi að vera bíllaus“. Þetta sagði Ásgerður „mjög ósanngjarnt“ og „stríða gegn jafnræðisreglunni“ en jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“. Órar Ásgerðar eiga sér væntanlega ekki hljómgrunn nema meðal örfárra frekra öfga-unnenda einkabílsins; heittrúarmanna sem tilbiðja við færiband Henrys Ford, innblásnir af heilögum koltvísýringi. Eða hvað? Getur verið að það leynist lítil Ásgerður í fleirum en virðist við fyrstu sýn?

Dánarorsök endurskoðuð

Ella Kissi-Debrah átti heima í Hither Green hverfinu í suðausturhluta Lundúna. Hún ætlaði að verða sjúkrapyrflugmaður þegar hún yrði stór. Átta ára skrifaði hún breska flughernum og bað um að aldurstakmarkið í ungliðahreyfingu flughersins yrði lækkað svo að hún gæti byrjað að læra að fljúga sem fyrst. Herinn sagðist ætla að skoða málið. En ári síðar, í febrúar 2013, lést Ella. Hún var níu ára að aldri. Móðir hennar skreytti líkkistuna með myndum af flugvélum Rauðu örvanna, listflugsveit breska hersins, sem Ella hlakkaði alltaf til að sjá á árlegri flugsýningu.

Á dánarvottorði Ellu var skráð að hún hefði látist af völdum astmakasts. Nú, sex árum síðar, hefur breskur dómstóll kveðið á um að endurskoða eigi dánarorsök hennar.

Ella bjó nálægt einni umferðarþyngstu götu Lundúna.

Áður en hún lést hafði Ella verið flutt á sjúkrahús 27 sinnum vegna astmakasta. Á síðasta ári kom Stephen Holgate, prófessor við Háskólasjúkrahúsið í Southampton, auga á sláandi fylgni á milli sjúkrahúsinnlagna Ellu og skyndilegrar aukningar á loftmengun. Holgate sagði það mjög líklegt að „ef ekki hefði verið fyrir ólöglegt magn loftmengunar hefði Ella ekki dáðið“.

Akstur og andardráttur

Breskir grunnskólar tóku til starfa í vikunni. Dóttir mín hóf nám í sex ára bekk þar sem ég bý í London. Nýverið tóku skólar hverfisins upp á þeirri nýbreytni að loka götum kringum skólana fyrir bílaumferð við upphaf og lok skóladags. Með þessu á að koma í veg fyrir umferðaröngþveiti þegar foreldrar ferja börn sín til og frá skóla á bílum. Ráðstöfuninni er ætlað að bæta loftgæði á skólalóðinni.

Í síðustu viku var fjölskyldan stödd á Íslandi. Fékk dóttirin að prófa að sækja íslenskan skóla. Upplifunin af skólastarfinu var frábær. Eitt í fari foreldra vakti hins vegar furðu. Í lok hvers skóladags stóð röð af bílum fyrir utan skólann þar sem foreldrar sátu og biðu eftir börnum sínum. Slíkt væri ekki frásögur færandi ef ekki væri fyrir þá staðreynd að hver einasti bill var í gangi, spúandi eitruðum útblæstri yfir leikvöll barnanna.

Talið er að í Bretlandi megi rekja 64.000 andlát á ári til loftmengunar. Ef réttarrannsókn leiðir í ljós að mengun dró Ellu Kissi-Debrah til dauða verður það hins vegar í fyrsta sinn sem loftmengun er formlega skráð sem dánarorsök á dánarvottorði. Fari svo kunna bresk stjórnvöld að hafa gerst sek um mannréttindabrot að sögn lögfræðings fjölskyldu Ellu. „Þau létu hjá líða að koma í veg fyrir andlát þótt þeim hafi verið fullljós hættan sem stafar af loftmengun.“

Akstur er ekki mannréttindi. Andardráttur er hins vegar lífsnauðsyn. Leyfum ekki okkar innri Ásgerði að brjótast fram. Dreppum á bifreiðum fyrir utan skóla barnanna okkar.



Af hverju veit ég svona lítið um þessa konu? Svarið blasir við: Henni hefur ekki verið hampað eins og kollegum af karlkyni.

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is